



# Jöklaárannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 54  
1995

október 1995

### HAUSTFUNDUR

Haustfundur félagsins verður haldinn 7. nóvember 1995 kl.  
20:30 í sýningarsal Ferðafélags Íslands Mörkinni 6.

Á dagskrá verður:

1. Kötluhlaupið 1918. *Haukur Tómasson jarðfræðingur*
2. Kaffi
3. Myndir úr síðustu vorferð. *Ragnar Th. Sigurðsson ljósmyndari*

## HAUSTFUNDUR

Haustfundur félagsins verður haldinn þriðjudaginn 7. nóvember 1995 í nýja sýningarsal Ferðafélags Íslands í Mörkinni 6. Þar flytur Haukur Tómasson jarðfræðingur og forstöðumaður Vatnsorkudeildar Orkustofnunar erindi með myndum um

### *Kötluhlaupið 1918*

Kötluhlaupið laugardaginn 12. október 1918 er stærsti atburðurinn í jarðsögu landsins á þessari öld. Á fáeinum klukkustundum fluttust um set margir rúmkílómetrar af vatni og ís, og yfir hálfur rúmkílómetri af goskviku kom upp í Kötluoðskjinni. Vatnið barst til sjávar, en gosefnin voru aðallega í tveim fösum, þeim loftborna og hinum vatnsborna. Vatnsborni hlutinn liggur nú að mestu leyti á sandinum og við ströndina. Stærðargráðu þessara atburða má fá með vandlegri athugun heimilda og skoðun þeirra ummerkja, sem sjá má á sandinum og sérstaklega í krikanum fyrir innan Selfjall og Hafursey.

Haukur Tómasson

### *Myndir úr síðustu vorferð*

Eftir kaffihlé sýnir Ragnar Th. Sigurðsson ljósmyndari myndir sem hann tók í síðustu vorferð á Grímsfjall. Hún var farin einungis á jeppum vegna þess að venjulegar leiðir á Grímsfjall voru öldungis ófærar vegna framhlaups Tungnaárjökuls.

Ragnar ljósmyndari hefur sérstaklega lagt sig eftir að ljósmynda jökla og hefur hann ásamt Ara Trausta Guðmundssyni, góðum félagamönnum okkar, efnt til ljósmyndabókar, sem hefur fengið hið tilhlýðilega nafn *Jökulheimar*. Í bókina hefur Ragnar valið 77 af sínum bestu jöklamyndum, en við höfum séð hvers hann er megnugur á fundum félagsins.

Ari Trausti skrifar í inngangi um grunnatriði jöklafræðinnar; myndun jökla, jöklaþáskap, framhlaup, jökulrof og fleira. Enginn velkist í vafa



um hve fær Ari Trausti er að skrifa fræðandi texta.

Bókin kemur út í byrjun þessa mánaðar og verður kynnt á ljósmynda-sýningu Ragnars -*Norðurslóðum*- í Gerðarsafni í Kópavogi 4.-19. nóvember. Jafnframt íslensku útgáfunni kemur bókin út á ensku (*Light on Ice*) og þýsku (*Eisvisionen*). Bókin kostar 2.560 kr.

## HAUSTFERÐ JÖRFÍ

Haustferð Jökларannsóknafélagsins í Jökulheima stóð dagana 15.-17. sept. s.l. undir stjórn Alexanders Ingimarssonar. Þáttakendur voru 12 með bílstjóra. Komið var síðla kvölds í náttstað og ekki tími til annars en að taka á sig náðir. Gengið var inn með Jökulgrindum að Jökulkróki í Innri-Tungnaárbotnum að morgni laugardags. Þar ætluðu kunnugir að sýna nýtt lón sem hafði stíflast við framrás jökulsins. Lónstæðið var þá alveg tóm og mátti sjá að það hafði tæmst með miklum látum, því nýr djúpur farvegur hafði skorist niður í ölduna framan við lónið og voru þar í myndarlegir fossar. Hlaupfarvegir voru svo suður með jökuljaðrinum og hafði áin greinilega flæmst nokkuð víða. Jarðfræðingar sem komu þar að í haust voru stórhreifnir af að fá svo glæsileg snið í jarðlögin án þess að þurfa hreyfa skóflu.

Vitað er að lónið stóð uppi í lok júlí, en 16. september var það tóm. Vel þegnar væru upplýsingar um hvenær síðast sást vatn í lóninu, eða ef svo vildi til að einhver hefði orðið hlaupsins var, svo skrá megi atburðinn á réttan dag í jökulhlaupaannál.

Seinnipart laugardagsins var ekið inn Bláfjallaslóðina að Sylgjujökli.

Á sunnudaginn var ekið með fyrra fallinu til baka og komið við í Veidivötnum og Gjánni í Þjórsárdal í ljúfasta veðri.

Vel var látið yfir ferðinni þótt hún hefði að ósekju mátt vera fjölmennari.

Alexander Ingimarsson

## ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð JÖRFÍ 1995 (45 ára afmæli) verður haldin 11. nóvember n.k. á vegum

### BÍLANEFNDAR

Í Flugfreyjusalnum í Síðumúla 11.

Nánari upplýsingar verða gefnar á haustfundi 7. nóvember n.k. Þær fást einnig hjá bílanefndarmönnum og Ástvaldi rakara Guðmundssyni í síma 568 6312. Verði verður stillt í hóf.

MAGNÚS TUMI GUÐMUNDSSON  
TÓMASARHAGI 53  
107 REYKJAVÍK